

Menntamálanefnd
NefndasviðAlþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1916
komudagur 15.4.2002

Reykjavík, 15. apríl 2002

Efni: Frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands. (Pskj. 1048 – 649. mál).

Óskað hefur verið eftir umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands. (Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Á undanförunum missirum hefur atvinnulífið gert ýtarlegar tilraunir til að koma að málefnum Tækniskóla Íslands. Ýmis samtök atvinnulífsins, þ.m.t. talið Samtök iðnaðarins, hafa átt viðræður við menntamálaráðuneytið um að færa rekstur hans á ábyrgð atvinnulífsins. Því miður hafa allar þessar tilraunir reynt árangurslausar.


Nýtt frumvarp um Tækniháskóla Íslands felur í sér sömu meginhugsun og drög að lögum um Tækniháskóla frá 1998. Þau drög urðu Samtökum iðnaðarins tilefni til afskipta af málinu.

Skulu hér tilfærðir helstu annmarkar sem Samtök iðnaðarins sjá á frumvarpinu.

1. Tækniskóli Íslands er skóli fyrir atvinnulífið. Í samræmi við þetta sitja fulltrúar atvinnulífsins í núverandi stjórn Tækniskólans. Í 5. gr. frumvarps um Tækniháskóla er greint frá 6 manna háskólaráði. Auk rektors, sem er forseti þess, sitja í háskólaráði tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi nemenda og tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra. Það skýtur skökku við að ekki er gert ráð fyrir fulltrúum atvinnulífsins í háskólaráði. Með því að útiloka bein áhrif atvinnulífsins á stjórn skólans er hætt á að skólinn einangrist og starfi fyrst og fremst fyrir sjálfan sig en ekki viðskiptavinum sína.
2. Tækniskólinn hefur hingað til veitt iðnaðarmönnum framhaldsmenntun. Aðgengi þeirra að skólanum hefur verið tryggt gegnum svokallaða frumgreinadeild. Í frumvarpinu er ekkert kveðið á um núverandi frumgreinadeild eða með hvaða hætti þjónusta hennar verður leyst af hendi við stofnun Tækniháskólans. Í athugasemdum við frumvarpið segir aðeins: „Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri frumgreinadeildar við Tækniháskóla Íslands sem verði byggður á samningi milli háskólans og ráðuneytisins.“ Þessi málsgrein verður að teljast veikur grunnur til að tryggja þjónustu frumgreinadeildar.

Samtök iðnaðarins telja að grundvöllur að nýjum Tækniháskóla verði ekki tryggður nema að þjónustuhlutverk hans við atvinnulífið sé skýrt. Því er mikilvægt að lög um Tækniháskóla feli í sér möguleika á öflugum, gagnvirkum samskiptum skólans við atvinnulífið. Umrætt frumvarp um Tækniháskóla Íslands tryggir ekki slíkt.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ingi Bogi Bogason